# A.

# VIÐBÆTIR.

## Konúngleg frumvörp

og álitsmál, með ástæðum stjórnarinnar,

sem borin eru undir alþíngi

**1853.**

# I.

## Frumvarp

### til tilskipunar um sunnu- og helgidaga-hald á Íslandi.

---

1. gr.

Á sunnudögum og öllum öðrum dögum, sem eptir lögum þeim, er nú gilda, á að halda heilaga, skal öll ónauðsynleg vinna og allar skemmtanir hætta frá morgni dags þángað til einni stundu eptir nón, einkum um messutímann, þó með þeim nákvæmari ákvörðunum, sem til eru teknar í tilskipun þessari.

2. gr.

Á tíma þeim, sem til er tekinn í 1. gr., skal einginn starfa að utanbæjarvinnu eða annari vinnu, sem svo mikill skarkali verður af, að það trufli aðra í hugarfari því, sem, eptir tilgángi sunnu- og annara helgi-daga, hæfir þess konar tíma. En eins og vinna sú, er lýtur að heimilisstörfum, eða sem menn stund um geta þurft við sèr eða öðrum til bjargar, er undan þegin áður nefndu banni, eins skal það ekki heldur bannað, að nota tíma þennan um heyskapartímann, til að þurrka hey og hirða það, þegar ekki má draga þennan starfa sökum votviðra. Fiskimönnum skal og heimilt á tíma þeim, sem til er tekinn í 1. gr., ekki einúngis að vinna að nauðsynlegum störfum, sem ekki mega dragast, til að bjarga veiðiskap sínum og veiðitólum, heldur skal þeim einnig leyft, þegar mikið liggur við, einkum í fiskileysisárum, eður í þeim fiskiverum, þar sem brim og gæftaleysi tálma mjög sjósóknum, að róa til fiskjar og leggja net eða lóðir. Mala má og í mylnum á þessum tímum. Farmönnum, er neyðast til, að leita til hafnar, skal og leyft, að ferma og afferma og bæta skip sín, og má hjálpa þeim til þess, sem þeir þurfa. Ferma má einnig og afferma á þessum tíma skip, þegar svo stendur á, að nota verður til þess gott veður og hagstæðan vind. Þó

skal slíkt ekki gjöra, meðan á sjálfri messunni stendur, nema brýn nauðsyn beri til.

3. gr.

Á tíma þeim á sunnudögum og öðrum helgidögum, þegar boðið er, að hver maður skuli hætta þess konar vinnu, sem til er tekin í 2. gr., skal hætta kaupum og sölum í búðum kaupmanna og annara sölumanna, og skal þeim búðum lokað. Þó skal lyfsölum heimilt á öllum tímum dags, að selja læknisdóma; það skal og allt undan skilið, sem þarf til aðhjúkrunar sjúkum mönnum, eður þegar svo stendur á, að einhver þarf skjótrar hjálpar við, samkvæmt reglu þeirri, sem til er tekin í 2. gr.

4. gr.

Gestgjafar eður aðrir, sem hafa veitíngahús, mega ekki á sunnu- og helgi-dögum láta gesti setjast að hjá sèr, fyrri en einni stundu eptir nón, og því síður mega þeir leyfa neinar drykkjur eða spil inni hjá sèr; en leyft skal gestgjöfum og veitíngamönnum og öðrum þess konar mönnum, sem hafa mat eður aðrar hressíngar á boðstólum, að veita þær þó fyr sè.

5. gr.

Almennar skemmtanir, allir hávaðamiklir leikir og athafnir, og einkum að menn fari margir saman á veiðar, er bannað á tíma þeim, sem til er tekinn í 1. gr., en ekki er hverjum einstökum manni bannað að fara á veiðar, nema um messutímann. Alls konar óp og háreysti skal og harðlega bönnuð á tíma þeim, sem til er tekinn í 1. gr, einkum um messutímann, bæði úti á strætum og inni í húsunum, og skulu lögreglumenn gæta þess, og taka þá höndum, ef á liggur, sem á móti brjóta. Þess skal og gætt, að börn gjöri eingan hávaða á strætum, og að fólk flykkist ekki saman í kirkjugarðinum eða úti fyrir kirkjudyrunum, einkum um messutímann.

6. gr.

Ekki skal þíng halda á drottinsdögum eða helgum dögum, enda þó komið sè fram yfir þann tíma, sem til er tekinn í 2. gr., eða gegna fógeta- eður skjalaskrifara-störfum, halda skiptifundi, uppboðsþíng, eða gegna nokkrum öðrum dómstörfum. Þó er það undan skilið, þegar svo stendur á, að dómstörf eður önnur alþýðleg störf verða ekki dregin að skaðlausu fyrir áríðandi málefni.

Ekki skal heldur stefna eða boða neinn fyrir dóm eða yfirvald á sunnu- eða helgi-dögum, nema brýn nauðsyn beri til, og þess sè því krafizt af rètti þeim eða því yfirvaldi, sem stefna lætur, og skal þó ekki stefna lesin á meðan á messu stendur.

7. gr.

Ekki skal heldur halda sveitafundi eður aðra almenna fundi nema á rúmhelgum dögum; þó mega sveitastjórar halda aukafundi eptir messulok á sunnudögum og helgidögum, þegar á liggur, og hentugleikar sóknarprestsins leyfa. Beri svo við, að þeim, er hlut eiga að máli, liggi mjög mikið á, að einhver almennur fundur sè haldinn á sunnudögum eða helgidögum eptir fjórðu stund, og fundinum er svo háttað, að það getur ekki tafið þá, sem á honum eiga að vera, frá, að fara í kirkju, og ekki er hætt við, að hann valdi neinni óreglu, þá mega lögreglumenn leyfa, að hann sè haldinn á þeim tíma. Sè ekki þetta leyfi feingið, má ekki gjöra neina auglýsingu um fund, sem halda á á sunnudegi eða öðrum helgum, hvorki í blöðum eða á annan hátt.

8. gr.

Ekki má kenna í neinum skólum á sunnudögum og helgidögum um messutímann.

9. gr.

Daginn fyrir sunnudaga og helgidaga má ekki halda neina dansleiki, og eingar almennar skemmtanir, leingur en í mesta lagi einni stundu fyrir lágnætti. Í páskaviku eða á kóngsbænadag, og kvöldin fyrir frá miðaptni, má slíkt með eingu móti leyfa. Allan kóngsbænadag skulu menn ekki gegna neinum óþarfastörfum. Slík störf og allar skemmtanir á almennum skemmtistöðum skulu einnig bannaðar fyrsta dag í hinum þremur stórhátíðum.

10. gr.

Fèbótum skal það sæta, ef brotið er móti þessari tilskipun vorri, og skulu þær vera í fyrsta skipti 32 skk. til 10 rbdd., annað skipti 1—20 rbdd., þriðja skipti 5—40 rbdd. Verði nokkur optar brotlegur, skal herða á hinum ákveðnu fjársektum. Bætur þessar ná til allra, sem taka þátt í brotinu, svo sök á verði gefin, hvort sem þeir sjálfir brjóta móti lagaboðinu eða koma öðrum til, að gjöra það; en þegar sektin er ákveðin, skal

farið eptir því, hvað hver hefur til unnið, t. a. m. sá, sem hefur ólöglegar veitingar á sunnudögum eða helgidögum, fær harðari hegníngu en gestirnir. Þar að auk skulu gestgjafar þeir, auk sektarinnar, gjalda jafnmikið fé, og þeir hafa ábatazt við lagabrotið, og þegar þeir brjóta í þriðja skipti, skulu þeir einnig missa rètt til, að hafa atvinnuveg þann, er þeir hafa þannig ránglega með farið.

11. gr.

Fjársektirnar skal gjalda í fátækra-sjóð, og geti hlutaðeigandi ekki goldið þær, skal fara eptir fyrirmælum tilskipunar dags. 24. dag janúarmán. 1838, 9. gr.

12. gr.

Ef að brotið lýsir sèrlegum mótþróa eða augljósri fyrirlitníng á kristilegri siðsemi, má annaðhvort hækka fjársektina fram yfir það, sem til er tekið í 10. gr., eða, eptir því sem á stendur, dæma hinn brotlega í fángelsi til vatns- og brauðshegníngar í Reykjavíkur-þínghá, og í vandarhagga-refsíng annarstaðar á landinu.

13. gr.

Embættismenn þeir, er lögreglu eiga að gæta, eiga vandlega og hyggilega að sjá um, að fylgt sè reglum þeim, sem eru í þessari tilskipun vorri. Sè nokkur í vafa um, hvort eitthvað, sem hann vill gjöra, geti staðizt eptir tilskipuninni eður ekki, getur hann leitað álits lögreglustjóra, og ef honum virðist það ekki vera á móti grundvallarreglum tilskipunarinnar, getur hann leyft það. Virðist lögreglustjóranum, að brot á móti tilskipuninni hafi komið af fyrirgefanlegum misskilníngi, skal hann að eins vara hinn við, og, ef þörf er á, gefa út auglýsíng mönnum til leiðbeiníngar og viðvörunar, og tjáir ekki upp frá því, að afsaka sig með þekkíngarleysi eða misskilníngi.

14. gr.

Allar sakir um brot á móti tilskipun þessari skal fara með og dæma eins og lögreglumál. Þegar brotið er ekki meira en svo, að bætur liggi við, má amtmaður skera úr málinu samkvæmt tilskipun dags. 24. dag janúarmán. 1838, 10. gr.

15. gr.

Prestar skulu á hvern þann hátt, sem við á, stuðla til, að breytt sè eptir þessari tilskipun vorri, og reyna til með við-

vörun og áminningum, að aptra mönnum frá, að brjóta móti tilskipuninni, og einkum láta sèr vera annt um, að innræta mönnum þá sannfæring, að þeir verði fúsir á, að færa sèr guðsþjónustuna í nyt. Þeir skulu einnig við og við, og að minnsta kosti einu sinni á ári, brýna ýtarlega fyrir söfnuðinum, hve áríðandi það sè, að sækja opt kirkju með guðrækilegu hugarfari. Prófastar og biskupinn skulu einnig, bæði á embættisferðum og endrarnær, reyna að komast eptir, hvort þessarar tilskipunar vorrar er gætt.

16. gr.

Þessar framantöldu ákvarðanir gilda ekki um þá, sem sýna þjónum kirkjunnar ósóma og ofbeldi, eða á annan glæpskufullan hátt trufla helgi kirkjunnar, og skulu þeir sæta refsíngum eptir fyrirmælum og aðalreglum laga þeirra, sem um það gilda. En það, sem í tilskipun dags. 29. dag maímán. 1744 er ákveðið um drottinsdaga- og annara heldidaga-hald, og ákvarðanir þær, sem þar eru um refsíngar fyrir helgidagabrot, skal nú tekið úr lögum.

---

# Ástæður

## fyrir frumvarpi þessu.

Alþíngið á Íslandi bað árið 1847 meðal annars um, að tilskipun þeirri, sem gefin er handa Íslandi, og dags. 29. dag maímán. 1744, um helgihald á drottinsdögum og öðrum helgidögum, af því hún á ekki leingur við tímann, og ákvörðunum hennar því að miklu leyti ekki er fylgt, nema í einstökum atriðum sumstaðar á landinu, verði breytt á þann hátt, að efni hennar ætti við nauðsyn og þarfir þessa tíma.

Yfirvöldin á Íslandi hafa sagt álit sitt um þetta mál, og hefur meiri hluti embættismanna þessara verið mótfallnir því, að tilskipun dags. 29. d. maímán. 1744 yrði endurbætt, en látið þar á móti í ljósi það álit sitt, að í stað hennar ætti að koma ný tilskipun um sunnu- og helgidaga-hald, og sömuleiðis, að löggilda mætti á Íslandi tilskipun dags. 26. dag marzm. 1845 fyrir Danmörku, ef hinar einstöku ákvarðanir hennar væru lagaðar eptir þörfum landsins.

Samkvæmt þessu er samið frumvarp til tilskipunar handa

Íslandi um sunnu- og helgidaga-hald, og er það byggt á tilskipun dags. 26. d. marzmán. 1845, en sleppt eða breytt þeim atriðum hennar, sem ekki áttu við hagi Íslands, eins og sjá má af því, sem nú skal segja um einstakar greinir frumvarpsins.

við 2. gr.

Eptir uppástúngu ýmsra embættismanna á Íslandi er hèr bætt við því atriði, að róa megi til fiskjar á sunnu- og helgidögum, og er líka þegar gjört ráð fyrir því í reglugjörð dags. 8. dag janúarmán. 1834, 14. gr., 4; en þó er haldið, að gjöra ætti þá takmörkun á því, að það skuli einúngis leyft, þegar svo stendur á, að fiskileysi er, eða þar sem svo er brimsamt, að mjög vandgæft er til sjóróðra, eins og sumstaðar stendur á, einkum í Skaptafells-, Rángárvalla-, og nokkrum hluta Árnessýslu.

Því, sem til er greint í 2. gr. tilsk. 26. d. marzmánaðar 1845, um að vinna á jörð húsmanna og daglaunamanna, er hèr sleppt, því það á eigi við á Íslandi.

Tilsk. 26. dag marzmánaðar 1845 gjörir einga tálmun á ferðum manna, og verði ákvarðanir hennar löggiltar á Íslandi, verður þar heldur ekki nein þess konar tálmun á gjörð. Það hefur reyndar verið álit manna á Íslandi, sem byggt hefur verið á tilsk. 29. dag maímán. 1744, 22. gr., að það væri óviðurkvæmilegt, að fara fram hjá kirkju, þar sem á messu stendur, fyr en henni er lokið; en ekki hefur þó virzt þörf á, að taka það sèrstaklega fram í hinni nýju tilskipun.

Ákvörðunin í tilsk. 26. dag marzmánaðar 1845, þar sem bannað er, að aka þúngum vögnum í kaupstöðum, á ekki við á Íslandi. Aptur eru þar aðrir flutníngar, sem líkt er varið, einkum með klyfjaða hesta um lestatímann; því bæði er töluverður starfi við, að leggja á og klyfja, og líka verður mikill skarkali á strætum, þegar farið er með stóra lest af klyfjuðum hestum. En sökum þess, að ætla má, að slíkt beri mjög sjaldan við um þann tíma dags á helgidögum, sem hèr er talað um, og að reglurnar í 2. gr. geti átt við, ef svo ber undir, án þess það sè nákvæmar til greint, þá hefur ekki virzt þörf á neinni sèrstakri reglu hèr að lútandi.

Það, sem stendur í tilskipun 26. dag marzm. 1845, 4. gr., á ekki við á Íslandi, nema seinasta atriði greinarinnar; en þar eð þetta er einúngis áminníng um kristilega siðsemi, virðist ekki þörf á, að taka það fram í lögum.

við 3. gr.

Það mun reyndar vera orðin almenn venja í Reykjavík, þó ekki fyr en nú á seinni árum, að loka sölubúðum allan sunnudaginn; og af því að þetta hefur borið góða ávexti, til að sporna við óreglu, hafa nokkrir embættismenn á Íslandi stúngið upp á því, að þetta yrði gjört að almennri reglu í hinni nýju helgidagatilskipun; en þó virðist gildari ástæður mæla fram með, að gjöra reglu þá að lögum á Íslandi, er stendur í tilskipun 26. dag marzmán. 1845, sem leyfir verzlun í sölubúðum á helgidögum einni stund eptir nón; því opt yrði það mjög bagalegt fyrir menn, sem komnir eru í kaupstað (einkum þá, sem komnir eru sjóleiðis), að geta ekki notað seinni hluta sunnudagsins til verzlunar.

Reglum þeim, sem til eru teknar í tilskipun 26. marzmán. 1845, 6. gr., um markaði og sölutorg, er hèr sleppt, því þær eiga ekki við á Íslandi.

við 5. gr.

Sá hluti 8. greinar í tilskipun 26. dag marzmán. 1845, sem ætla má að eigi við á Íslandi, einkum það, sem til er tekið um veiðifarir, er tekinn inn í frumvarp þetta, og sökum þess, að þeim er líkt varið og hverri annari sýslu, þeirri er hávaði verður af, og um er talað í 9. gr., þá hefur þótt vel tilfallið, að taka bæði þessi atriði saman í þessari grein.

við 7. gr.

Þessari grein ber saman við 11. gr. í tilskipun 26. marzm. 1845, nema að því leyti, að „sveitastjórn" er sett í staðinn fyrir „sóknarstjórn", og „lögreglustjórn" í staðinn fyrir „lögreglustjóri", og eru þá hreppstjórar með taldir. Reyndar er enn ekki regluleg sveitastjórn til annarstaðar á Íslandi en í Reykjavík, og hefur því ráðgjafi kirkju- og kennslu-málanna, sem skrifazt hefur verið á við um þetta efni, haldið, að þessi grein ætti ekki vel við á Íslandi, en bæði geta ákvarðanir þær, sem í greininni standa, gilt um aðrar almennar samkomur en sveitafundi, og líka hafa embættismenn á Íslandi fallizt á ákvörðun þessa, með þeim orðabreytíngum, sem hafa verið gjörðar á henni.

við 8. gr.

Ákvörðun sú, sem stendur í tilskipun 26. dag marzmán. 1845, 12. gr., getur ekki átt við, nema um skóla á Íslandi.

við 9. gr.

Þessi grein er að mestu samhljóða tilskipun 26. d. marzm. 1845, 13. gr., og er einúngis orðum vikið við, eptir því sem til hagar á Íslandi.

við 10. gr.

Þessi grein samsvarar 14. grein í tilsk. 26. marzmán. 1845, þó með þeirri breytíngu, að sektirnar eru lækkaðar um helmíng, samkvæmt tilsk. 24. dag janúarmán. 1838, 3. gr.

við 11. gr.

Sökum þess, að lögreglusjóðir eru ekki til á Íslandi, nema í Reykjavík, er það ákveðið, að sektirnar skuli renna í fátækrasjóð, það er að skilja, í Reykjavík í fátækra-sjóð bæjarins, og annarstaðar í hrepps-sjóðina, og þar eð tilsk. 16. dag nóvemberm. 1836 er ekki lögleidd á Íslandi, þá skulu ákvarðanirnar í tilsk. 24. dag janúarmán. 1838, 9. gr., koma í stað hennar.

við 12. gr.

Í stað vatns- og brauðs-refsíngar, eptir tilskipun 26. marzm. 1845, 16. gr., verður annarstaðar en í Reykjavík að koma vandarhaggarefsíng, samkvæmt tilsk. 24. dag janúarm. 1838, 4. gr.

við 14. gr.

Þessi grein er eins og 18. gr. í tilsk. 26. marzmán. 1845; þó er því bætt við til skilníngsauka, að amtmaður megi skera úr þess konar málum, þegar ekki liggur meiri hegníng við en fjársektir.

við 16. gr.

Þessi grein er samhljóða tilsk. 26. marzmán. 1845, 20. gr.; þó er tilsk. 29. maímán. 1744 sett í staðinn fyrir lögbókarinnar 6—3, og tilsk. 12. dag marzmán. 1735.

# II.

## Frumvarp

### til tilskipunar um stofnun barnaskóla í Reykjavík.

1. gr.

Í Reykjavík skal stofna skóla, sem öll þau börn, er þar eiga heima, geti notið þeirrar kennslu í, er þykir nauðsynleg fyrir hvern mann.

Svo má og, fyrir hæfilega borgun, taka í þennan skóla önnur börn, þegar því verður við komið, án þess hin missi í. Að því leyti fè það, sem til stofnunar og viðurhalds skólans er ákveðið, hrökkur ekki til, skal jafna kostnaðinum niður á bæjarmenn, samkvæmt tilskipun um stjórn Reykjavíkurbæjar, dagsettri 27. dag nóvembermánaðar 1846, 19. gr.

2. gr.

Stjórnardeild kirkju- og kennslu-málanna skal falið á hendur, með ráði stiptsyfirvaldanna á Íslandi og annara þeirra manna, er hlut eiga að máli, að skipa fyrir um fyrirkomulag skóla þessa og skyldur bæjarmanna við hann, samkvæmt reglum þeim, sem ákveðnar eru um þess konar skóla í Danmörku, þó með þeirri tilhögun og breytingum, sem eptir þörfum landsins og ásigkomulagi bæjarins eru nauðsynlegar eður ákjósandi.

---

## Ástæður

### fyrir frumvarpi þessu.

Árið 1830 var stofnaður barnaskóli í Reykjavík, og var þá gjört ráð fyrir 20 skólabörnum úr bænum, og átti að greiða 1 rbd. mánaðarlega fyrir hvert þeirra. Þó var leyft, að taka 6 fátæk börn í skólann fyrir hálfa borgun.

Það var samt of vaxið alþýðu, að greiða 12 rbdd. árlega, og

þó gjaldið væri seinna lækkað í 6 rbdd., gátu þó fátækir alþýðumenn ekki greitt það. Af þessu leiddi, að skólinn varð fremur borgara- en alþýðu-skóli, og að skólabörnin fækkuðu mjög; því margir efnagóðir foreldrar kusu heldur, að láta kenna börnum sínum í heimahúsum, og þar eð skólinn átti ekki annað að styðjast við, en gjald þetta, komst hann bráðum í þrot. Það, sem á brast, var skotið til úr gjafasjóði *Thorchillii* barnaskóla. Seinna komust menn þó að raun um, að þetta var ekki samkvæmt tilgángi þeim, sem sjóður þessi var stofnaður í, er fè þetta, eptir gjafabrèfi skólastjóra *Thorchillii* frá 1759, var ætlað til þess, að koma upp stiptun handa hinum mest þurfandi og fátækustu börnum í Kjalarnesþíngi í Íslandi, og átti að verja vöxtum höfuðstólsins í þarfir þessarar stiptunar og skóla handa fátækum börnum í nefndu þíngi, og áttu þau að fá þar húsaskjól, föt og mat, svo hreinlegt og sómasamlegt væri, þángað til þau gætu sjálf haft ofan af fyrir sèr. Af þessu þótti það auðsèð, að tilgángurinn var ekki að eins, að útvega börnunum kennslu kauplaust, heldur einnig nauðsynleg föt og fæði, o. s. frv., eður að með þessu var áformuð uppeldisstiptun, sem börnin gætu feingið allt í, sem þau þyrftu, er þau gátu ekki verið heima í foreldrahúsum. Eptir undirlagi stiptamtmanns þess, er þá var á Íslandi, var það því af stjórnardeild kirkju- og kennslu-málanna ákveðið í brèfi dagsettu 15. júlí 1848, að tillög *Thorchillii* skólasjóðs til barnaskólans í Reykjavík skyldu hætta frá byrjun janúarmánaðar 1849.

En þá hætti þessi skóli undir eins. Samt var einlægt meiri og meiri nauðsyn á fullkomnari og betur lagaðri skólakennslu en þeirri, sem færi var á að fá í Reykjavík, eptir því sem fólkið á seinni árum var sífellt að fjölga í bænum, og er því í tilskipun 27. nóvember 1846 ætlazt til, að slíkur barnaskóli verði stofnaður Nefnd sú, er áður var fyrir barnaskólanum, rèðst því í, árið 1847, að snúa sèr til alþíngis með bæn um, að sú ósk yrði fram borin, að lagt yrði fyrir næsta alþíngi frumvarp til reglugjörðar um barnaskóla í Reykjavík, eptir viðlíkri tilhögun, sem barnaskólar hafa í hinum dönsku kaupstöðum, og þar eð þíngið vísaði beiðendunum á, að fara máli þessu fram við hlutaðeigandi yfirvöld, urðu 4 af meðlimum nefndarinnar til, að semja slíkt frumvarp, sem að því búnu var sent stiptamtinu. Stiptamtmaðurinn og biskupinn, sem eptir tilskipun 27. nóvember 1846, 19. gr., eru yfirumsjónarmenn skólakennslumálefna í

Reykjavík, álitu þó frumvarp þetta ekki hentugan grundvöll, að byggja nýtt lagaboð á um skólakennsluna þar, og skrifuðust því á við dómkirkjuprestinn og bæjarstjórnina í Reykjavík um málið, og sömdu að því búnu nýtt frumvarp til reglugjörðar um skólakennslu fyrst um sinn í Reykjavík, og sendu það stjórnardeild kirkju- og kennslu-málanna, og hefur stjórnardeildin einnig feingið frá yfirdómaranum í hinum íslenzka landsyfirrètti og dómkirkjuprestinum og bæjarfógetanum í Reykjavík beiðni um, að áður umgetið frumvarp með breytíngum þeim, er stjórnin kynni að álíta nauðsynlegar, annaðhvort strax fái lagagildi, eður að það að öðrum kosti verði borið undir alþíngi á þessu sumri, svo að málið geti á æskilegan hátt orðið útkljáð.

Hèr verður þá að íhuga, hvort fara eigi með allt saman málefni þetta eins og löggjafarmál, eður hvort það að minnsta kosti að nokkru leyti geti orðið útkljáð eins og stjórnarmálefni.

Þegar þess er gætt, að í hinu mjög svo lánga og ýtarlega frumvarpi stiptsyfirvaldanna er fjöldi af ákvörðunum um tilhögun skólans, aðferð á kennslunni, skóla-aganum, o. s. frv., sem eru eingaungu þess eðlis, að stjórnin á að skera úr þeim, virðist það bæði óeðlilegt og óviðfelldið, að gjöra þau að löggjafarmálefni; því bæði er það, að fulltrúar þjóðarinnar, sem eiga þátt í löggjöfinni, feingju á þann hátt þá hlutdeild í stjórnarmálefnum, sem þeir eiga ekki að hafa, og líka geta menn varla búizt við því, að allur þorri þíngmanna þekki nógu vel mál þetta, sem svo er sèrstaklegt, og eru varla aðrir en þeir, sem þekkja staðinn, og eru kunnugir skólamálefnum, fullfærir um, að dæma um þetta mál.

Það mundi líka leiða af því, að fara með mál þetta eins og löggjafarmálefni, að það yrði gjört óþarflega örðugt og fyrirhafnarmikið, að breyta seinna ákvörðunum þeim, sem gjörðar eru, þó reynslan sýndi, að breytíngin væri nauðsynleg, eða að minnsta kosti ætti vel við, og að eins lyti að þeim atriðum, sem beinlínis væru stjórnarmálefni. Auk þessa eru að lyktum nokkrar ákvarðanir í frumvarpi stiptsyfirvaldanna, sem vafi getur verið á um hvort við eigi, og er þó ekki að búast við, eins og áður er sagt, að þíngið geti skýrt til hlítar þau atriði, þó þau verði borin undir það.

En þó það nú, eins og hèr er sagt, án efa virðist rèttast, að láta stjórnina hlutast til um fyrirkomulag barnaskólans í Reykjavík, eru samt tvö atriði í hinni áður nefndu reglugjörð,

sem gjöra þyrfti að lögum, og ætti því að gjöra sèrstakt lagafrumvarp um þau, og leggja það fyrir alþingið. Þessi atriði eru: að Reykjavíkurbúar skulu vera skyldir, að stofna barnaskóla á eigin kostnað, og að foreldrar skulu skyldir, að senda börn sín í skóla, þegar þau ekki á annan hátt sjá um uppfræðíng þeirra, *og skal nauðúng við liggja*, og er það að mestu leyti samhljóða því, sem skipað er í Danmörku.

Það gæti að vísu verið efi á, hvort að ákvarðanir þessar sèu ekki heimilaðar í lögum þeim, sem gilda á Íslandi, einkum tilskipun dags. 27. dag nóvembermán. 1846; en það hefur þó virzt rèttast, að leiða þær í lög með sèrstöku lagaboði, og getur þá alþingið við umræðu þess feingið færi á, að láta í ljósi ósk sína og álit um þetta mál.

Auk þess er þess beðizt í 2. grein frumvarpsins, að stjórn kirkju- og kennslu-málanna verði gefið vald til, eptir að hún hefur feingið þau álitsskjöl frá Íslandi, er þurfa þykir, að semja reglugjörð um tilhögun skóla þessa, samkvæmt reglum þeim, sem ákveðnar eru um þess konar skóla í Danmörku, þó með tilhögun þeirri og breytíngum, sem eptir þörfum landsins og ásigkomulagi bæjarins eru nauðsynlegar eður ákjósandi.

# III.

## Frumvarp

### til opins brèfs um fjölgun þíngstaða i Árnessýslu.

Af þeim fimm hreppum, er nú eiga þíngstað saman á Hróarsholti, sem eru Villíngaholts-, Hraungerðis-, Gaulverjabæjar-, Stokkseyrar- og Sandvíkur-hreppar, skulu tveir hinir fyrst nefndu framvegis eiga þíngstað á Hróarsholti, en Gaulverjabæjar-hreppur fá þínghús út af fyrir sig í Gaulverjabæ, og Stokkseyrar- og Sandvíkur-hreppar fá þínghús saman á Eyrarbakka.

Að öðru leyti eru hreppsbúar skyldir til, eptir fyrirmælum sýslumanns, að gjöra við og laga hið forna þínghús á Hróarsholti, svo ekkert verði að fundið, og byggja ný þínghús í þeim þínghám, þar sem þau vanta.

## Ástæður

### fyrir frumvarpi þessu.

Amtmaðurinn í Sunnlendíngafjórðúngi hefur sent innanríkisráðgjafanum tvö bænarbrèf frá hreppstjórunum í Villíngaholts-, Hraungerðis-, Gaulverjabæjar-, Stokkseyrar-, Sandvíkur-, Skeiða-, Gnúpverja- og Selvogs-hreppum innan Árnessýslu, þess efnis, að teknir verði upp aptur hinir fornu þíngstaðir í hverjum þessara hreppa, sem lagðir voru niður um aldamótin, og er þar í skýrt frá, að þetta hafi verið gjört einúngis til hægðarauka fyrir ellihruman sýslumann, er þá var, en af því hafi leitt ýmisleg óhægindi og erviðisauki fyrir sýslubúa; einkum hafi þeir orðið að fara lángar leiðir til hinna nýju þíngstaða, sem fleiri hreppar hafi átt saman, og þá hafi vantað nauðsynlegan samkomustað í hverjum hrepp til hreppaþínga og annara funda í sveitarmálefnum; þar að auki sèu nú sumar þínghár svo stórar og fjölmennar, að manntalsþíngin geti ekki orðið lokið á einum degi, og sýslumaðurinn sè svo önnum kafinn

við skattatekjuna, að hreppstjórar og aðrir geti ekki ráðfært sig við hann í sveitarmálefnum. Loksins er því hreift, að það mundi að mörgu leyti verða að góðu haldi, ef sýslumaður kæmi á ári hverju í alla hreppa, og yrði þessu framgeingt, ef þíngstað yrði aptur komið á í hverjum hrepp.

Sýslumaður hefur í áliti sínu um mál þetta skýrt frá, að sameining þíngstaðanna hafi í öndverðu komizt á eptir samkomulagi millum sýslumanns þess, er þá var, og sýslubúa, og viti menn ekki til, að þeir hafi næstu tímana á eptir fundið til nokkurs óhægðarauka af því, því menn hafi þá að vísu orðið að álíta breytínguna vel tilfallna, og til flýtis fyrir sýslumanninn, án nokkurs töluverðs erviðisauka fyrir sýslubúa, en nú sè allt öðruvísi ástatt, og þíngstörfin svo margbrotin, að sýslumaðurinn á sumum þíngstöðum verði að leggja saman nótt og dag; og sè það því vel tilfallið, að taka upp nokkra nýja þíngstaði, er það mundi lètta störf sýslumannsins á hverjum einstökum stað, og um leið verða til hægðarauka fyrir hreppsbúa. Aptur á mót hefur sýslumaðurinn haldið, að það væri hvorki sanngjarnt, nauðsynlegt eður vel tilfallið, að taka upp aptur alla hina fornu þíngstaði; því bæði væri það, að manntalsþíngin tefðu þá sýslumanninn frá öðrum nauðsynja-störfum, og líka hitt, að þínghúsabyggíngin í hreppum þeim, sem litlir væru, mundi valda ærnum kostnaði, sem hreppsbúar mundu una illa, og loksins væri sú tímatöf og ferðalög, sem hreppsbúar þannig kæmust hjá, svo litils vert, að það gæti ekki komið til greina í máli þessu. Af þessum rökum hefur sýslumaðurinn stúngið upp á, að þíngstöðum þeim, sem nú eru, verði breytt á þann veg, að af þeim fimm hreppum, sem nú eiga þíngstað saman að Hróarsholti, sem eru Villíngaholts-, Hraungerðis-, Gaulverjabæjar-, Stokkseyrar- og Sandvíkur-hreppar, skuli þeir tveir fyrst nefndu framvegis eiga þíngstað saman á Hróarsholti, en Gulverjabæjarhreppur fá sinn eiginn þíngstað á Gulverjabæ, og Stokkseyrar- og Sandvíkur-hreppar þíngstað saman á Eyrarbakka.

Á hinn bóginn álítur sýslumaðurinn það ástæðulaust, að taka upp aptur sèrstaka þíngstaði fyrir Skeiðahrepp og Gnúpverjahrepp, er varla nokkur búandi þessara hreppa eigi leingri leið að Sandlæk, þar sem þíngstaðurinn er nú, en að fara megi á tveim stundum, og tala gjaldþegna sè að eins hèr um bil 70, og geti þeir því hæglega orðið afgreiddir á einum degi. Líka hefur sýslumaðurinn haldið, að ekki mundi tækilegt, að

breyta þíngstað þeim, sem Selvogshreppur nú á; því þó hreppsbúar eigi nokkuð leingri leið á þíngstaðinn, en búendur í hinum tveimur fyr greindu hreppum, sèu samt í þessum hreppi að eins 19 gjaldþegnar, og þeir efnaminni en aðrir sýslubúar, og mundi þeim því veita erviðara, að byggja nýtt þínghús í hreppnum af eigin rammleik, en eptir tiltölu að eiga þátt í viðurhaldskostnaði þínghúss þess, er þeir nú nota, og að ferðast þángað einu sinni á ári, og það einmitt á þeim tíma, er margir þeirra eiga önnur erindi þángað.

Eptir uppástúngu sýslumannsins yrði þannig tveimur þíngstöðum fleira í Árnessýslu en nú er.

Í áður nefndum bænarbrèfum var þess ekki getið, hvort hreppsbúar væru samhuga hreppstjórunum í þessu efni, og lagði innanríkisráðgjafinn því drög fyrir, að komizt yrði eptir því hjá þeim, og leiddi af því, að búendur í Selvogs-, Gnúpverja-, Hraungerðis-, Sandvíkur-, Stokkseyrar- og Gulverjabæjarhreppum, þar sem hin fornu þínghús eru lögð niður, hafa að öllu leyti fallizt á bænarbrèf hreppstjóranna, og jafnframt lýst því yfir, að þeir væru fúsir til, að bera kostnað þann, sem leiddi af þínghúsabyggíngunni í hverjum hrepp. Sýslumanninum þótti þó ekki ástæða til, að breyta áliti sínu um málið, og fèllst stiptamtmaðurinn einnig á það, um leið og hann sendi álit hreppsbændanna.

Það er nú að vísu svo, að lyktir þessa máls ekki eru einúngis undir því komnar, að þínghárnar sèu ekki svo afarstórar, að manntalsþínginu verði ekki lokið af á einum degi, eins og nú er ástatt með Hróarsholts-þínghá, sem því bráð nauðsyn ber til að skipt verði í fleiri þínghár, heldur einnig undir vegaleingdinni til þíngstaðarins og torfærum þeim, sem á leiðinni eru, ásamt fleiru þess konar ásigkomulagi, sem þeir einir geta matið, er kunnugir eru á staðnum. Skýrslur þær, sem fram eru komnar, gefa þó ekki næga ástæðu til, með lagafrumvarpi þessu um fjölgun þíngstaða í Árnessýslu að gjöra fleiri breytíngar en þær, sem leiddu af því, að Hróarsholts-þínghá, eins og stúngið var upp á, yrði skipt í fleiri þínghár. Og þó mál þetta þurfi ekki að lögum að bera undir alþíngi, hafa menn samt haldið, að vel ætti við, að bera það undir þíngið, er sýslumaður og amtmaður ekki eru sýslubúum samdóma.

*Allra-þegnsamlegast álit ráðherrans innanríkismálanna um jarðamatið, dags. 21. maí 1853.*

Amtmennirnir í Íslandi hafa sent stjórnarráði innanríkismálefnanna jarðamatsbækur þær og skjöl, sem samkvæmt tilskipun 27. maí 1848 hafa verið samin í því skyni, að nýr jarðadýrleiki yrði settur í öllu landinu.

Á þessum yfirgripsmiklu og torveldu störfum eru nú svo verulegir gallar og ójöfnur, að það ei verður notað sem grundvöllur til nýrrar jarðabókar fyrir land þetta, nema téðir gallar fyrst verði bættir; og eins og hið íslenzka alþingi eptir nefndrar tilskipunar § 5 á að segja álit sitt um það hundraðatal, er á sínum tíma á að jafna niður á allar landsins fasteignir, áður en endileg ákvörðun þar um er gjörð, þannig verð eg allra-þegnsamlegast að álíta það bezt haga, að yðar hátignar fulltrúi leggi fyrir nefnt þing öll jarðamatsstörfin ásamt með amtmannanna þar að lútandi álitsskjölum, og að hann skori á þingið, að taka til yfirvegunar fleiri efasöm atriði í málefni þessu, er hafa munu áhrif á, hvernig máli þessu verði komið í bezt horf.

Eins og eitt þvílíkt höfuðatriði vil eg þar hjá leyfa mèr allra-þegnsamlegast sèr í lagi að taka fram, að það virðist, sem menn við jarðamatið hafi haft allt of mikið tillit til jarðanna verðs í kaupum og sölum, hvað án efa að nokkru leyti er komið af þeim ákvörðunum, sem þar um finnast í tilskipun frá 27. maí 1848, § 3, og í erindisbrèfi virðíngarmannanna frá 1. sept. s. á.; en þar eð peníngaverð jarðanna er svo mjög komið undir mörgum þeim kríngumstæðum, er velzt geta á ýmsa vegu, t. a. m. hörðum eða góðum árum m. m., og þar jarðir í Íslandi þar að auki sjaldan gánga að kaupum og sölum, og mikill partur þeirra, t. a. m. kirkna- og kóngsgóz og kristsfjárjarðir, næstum því aldrei, svo getur almenn hugmynd um jarðanna peníngaverð í kaupum og sölum trauðla myndazt á Íslandi, svo á verði byggt. Þar á móti gæti það vel verið, að tekjur þær af jörðunum sem gjöra má ráð fyrir, þannig sem þær, eptir öllum þeim skýrslum, er fást kunna, geta að rèttu lagi reiknazt, væri sá höfuðmælikvarði, eptir hverjum sèr í lagi meta ætti jarðirnar, þó á þann hátt, að sèrhverja jörð ætti að meta til peníngaverðs með því, að meta tekjurnar til höfuðstóls eptir þeirri almennu peníngaleigu 4§ (eður með öðrum orðum, að margfalda tekjurnar með 25).

Á þetta atriði álítur stjórnin nauðsynlegt að benda þínginu.

---

# Lagaboð

(sem fylgdi konúngl. álitsmáli, hver dönsk lagaboð ættu að ná lagagildi á Íslandi)

*um prentfrelsi, dags. 3. d. janúarm. 1851.*

1. gr.

Á sèrhverju riti, sem út kemur frá prentsmiðjum hèr í ríkinu, skal standa nafn þess, er prentar, og hvar ritið sè prentað. Ef af þessu er brugðið, sektast prentarinn, og ef hann finnst ekki, þá sá, sem hefur ritið til sölu og útbýtíngar, fèbótum frá 5 til 200 rbdd.

2. gr.

Ef rángt er sagt til prentara, skal bæta frá 10 til 500 rbdd. Hin sama sekt liggur og við fyrir þann, sem veit, að rángt er frá sagt, og hefur ritið til sölu eða útbýtíngar.

3. gr.

Rithöfundarnir skulu hafa ábyrgð af efni bóka þeirra, sem prentaðar verða hèr í ríkinu, þegar þeir hafa sagt til nafns síns í ritinu, og þar að auki voru annaðhvort búsettir í ríkinu, þegar ritið kom út, eða þeir voru háðir dómsmálum stjórnarinnar, þegar málið var höfðað.

Ef einginn slíkur höfundur hefur nafngreint sig, liggur ábyrgðin með sama skilmála á útgefanda ritsins, og því næst á kostnaðarmanni, eða þeim, sem hefur það til sölu. Ef nokkrar af hinum tilteknu ákvörðunum vantar, til þess að einhver þeirra manna, sem nefndir hafa verið, verði krafður ábyrgðar, þá liggur ábyrgðin á prentaranum.

Þegar margir gefa út eitt rit í fèlagsskap, og einn einstakur maður gefur sig fram sem útgefanda nokkurra nægilega afmarkaðra kafla í ritinu, hafa hinir útgefendurnir einga ábyrgð af hinum sömu köflum.

Sèrhver þeirra manna, sem þannig verða að hafa ábyrgðina, er skyldur til, þegar þess er af honum krafizt, og hann vill ekki sjálfur hafa ábyrgðina, að gefa þær skýrslur, sem nauðsynlegar eru, til að sanna, að ábyrgðin liggi á einhverjum hinna áður nefndu; þó skal slík áskorun gjörast, áður en 3 mánuðir eru liðnir, frá því hin fyrsta auglýsing um það, að ritið sè á prent komið, hefur verið birt í blöðunum; ella hefur hann einga ábyrgð af ritinu.

4. gr.

Af sèrhverju því riti, sem ekki er stærra en 6 arkir, skal prentarinn jafnframt því, sem hann lætur af hendi ritið úr prentsmiðjunni, og í síðasta lagi áður en 1 stund er liðin, frá því hann byrjaði að láta ritið af hendi, senda eitt exemplar af því á lögregluhúsið, og skal hann þegar fá kvittun fyrir því, ef hann beiðist. Ef af þessu er brugðið, skal bæta 20 til 500 rbdd. bótum. Ef einginn prentari er nafngreindur á bókinni, eða rángt er sagt til nafns hans, og ekki verður komizt eptir, hver prentað hafi, lendir ábyrgðin á kostnaðarmanninum, eða þeim, sem heldur ritinu fölu.

5. gr.

Sá, sem ræður til uppreista á prenti gegn konúngi, eða til ofbeldisáhlaupa á ríkisþíngið, til að raska ró þess og friðhelgi, eða til að koma breytíngu á stjórnarlag það, sem ákveðið er í grundvallarlögum ríkisins, með ofbeldi, skal útlægur af landi, eða gista í ríkisfángelsi í 5 ár eða fleiri, eða alla æfi, eptir málavöxtum.

6. gr.

Sá, sem á prenti dróttar að konúnginum ránglátum eða svívirðilegum athöfnum, leyfir sèr smánandi dóma og orðatiltæki um konúnginn, eða fer um hann meiðandi ummælum, hegnist með fángelsi frá 3 mánuðum til 2 ára. Sömu hegníngu skal sá og sæta, sem á líkan hátt brýtur við dottnínguna, ekkjudrottnínguna, konúngsefnið eða ríkisstjórann.

7. gr.

Ef nokkurt rit er út gefið, sem meiðir útlend ríki, sem eru í vináttu við konúng, annaðhvort með því, að lasta og smána þá, sem ríkjum ráða, eða drótta heimildarlaust að slíkum stjórnum ránglátum og skammarlegum athöfnum, þá skal hinn seki sektast með 3 mánaða til 1 árs fángelsi, eða bæti hann 50 til 500 rbdd. Fyrir dóm og lög skal hann þá að eins draga, ef stjórn sú, er hlut á að máli, æskir þess.

8. gr.

Ef nokkurt rit er prentað, sem gjörir gis að trúarlærdómum eða guðsdýrkun nokkurs trúarbragðafèlags, sem nú er hèr í ríkinu, skal hinum seka hegnt með 1 til 6 mánaða fángelsi. Sömu hegníngu sætir sá, sem lætur prenta klámrit, eða hann bætir 100 til 500 rbdd. bótum.

9. gr.

Ef nokkur skerðir virðíngu annars á prenti, með því annað-

hvort að drótta að honum heimildarlaust þeirri hegðun, sem gjörir hann óverðugan virðíngar sinna samborgarmanna, eða nefnir hann þeim nöfnum, sem að eins slík hegðun gefur honum heimild til, þá skal honum hegnt með fángelsi í 3 mánuði til 1 árs, eða fébótum frá 100 til 500 rbdd. Bæta skal og fyrir annan ástæðulausan áburð, sem verða má virðíngu þess, er fyrir verður, til hnekkis, sem og fyrir ókvæðisorð eða skammaryrði, frá 10 til 500 rbdd., eða fángelsi frá 14 dögum til 3 mánaða. Í öllum áður nefndum tilfellum ber þar að auki að dæma hin óviðurkvæmilegu orð eptir kröfum þess, sem meiddur er, dauð og ósögð.

10. gr.

Fyrir prentaðar greinir í blöðum um einstaka menn eða heimilishætti, sem raska heimilisfriði, skal bæta frá 20 til 100 rbdd.

11. gr.

Sérhver, sem þykist vera áreittur í einhverju tímariti, eða sem æskir að leiðrétta það, sem um hann er sagt í ritinu getur krafizt, að veitt sé viðtaka borgunarlaust í það tímarit auglýsíngu um, að-mál sé höfðað út af áreitninni, sem og um málalok, eða um tilvísun um leiðréttíngu í öðru riti.

Þessa viðtöku skal veita auglýsíngu hans í annaðhvort tveggja hinna fyrstu blaða af tímaritinu, sem næst koma út, eptir að hann hefur æskt viðtökunnar með vottum.

Ef leitt er hjá sér að gegna þessari skyldu, liggja við því 20 til 100 rbdd. bætur, og má þraungva hlutaðeiganda til, að veita auglýsingunni hina eptiræsktu viðtöku í blaðið, með því að ákveða sektir fyrir hvern dag eptir dóms-atkvæði.

12. gr.

Upptækt verður ekkert rit, nema eptir dómi, þegar það er þess efnis, sem hegníngarvert sé samkvæmt 5., 6., 7. eða 8. grein þessa lagaboðs.

13. gr.

Dómsmálastjórnarráðið ákveður, hvort áfrýja skuli ritum fyrir sakir efnisins að tilhlutun hins opinbera. Hald má, þegar svo á stendur, einúngis leggja á ritið eptir úrskurði rannsóknardómarans.

14. gr.

Heimilt er, að flytja inn í ríkið útlend rit. Ef dómsmála-

stjórnarráðinu virðast slík rit þess efnis, að hegníngar sè vert, og ef einginn af þegnum Danakonúngs getur haft ábyrgð af útbreiðslu þeirra, getur fógetinn bannað þeim, sem hefur ritið til sölu eða útbýtíngar, að úthluta því framar hèr í ríkinu, og skal banni þessu, eptir að búið er að stefna þeim, sem bönnuð hefur verið sala ritsins, tafarlaust fylgt fram, eptir því rèttarfari, sem lögboðið er í sakamálum. Ef dómurinn staðfestir bannið, skal ákveða í dómnum, hversu lángt megi líða, þángað til ritið er sent burt úr ríkinu, eða að öðrum kosti verði gjört upptækt. Þennan dóm skal þrisvar birta að tilhlutun hins opinbera í tíðindum stiptisins og í Berlíngi, og má að því búnu hvorki skrifa framar eptir ritinu, selja nè út býta því hèr í ríkinu, og afbrigðum gegn forboðinu skal hegnt með 50 til 500 rbdd. bótum, eða fángelsi í 14 daga til 6 mánaða.

15. gr.

Ef 3 slíkir dómar eru lagðir á eitthvert tímarit eða fleiri slík rit, sem einn er útgefandi að, á tveggja ára tíma, má ákveða í hinum síðasta þessara dóma, að þetta rit eða önnur tímarit, sem hinn sami maður gefur út, ekki megi flytjast inn í ríkið, nema því að eins, að dómsmálastjórnarherrann leyfi það. Forboðið sè birt og afbrigðum gegn því hegnt, eptir því sem til er tekið í 14. gr.

16. gr.

Það, sem ákveðið er í þessu lagaboði um prentuð rit, á sèr einnig stað um alls konar rittegundir, sem prentaðar verða með „mechaniskum meðölum“.

Sömuleiðis má heimfæra ákvarðanir þær, sem gefnar eru um prentuð rit, að 4. gr. frátekinni, að sínu leyti upp á eirstúngnar, trèstúngnar og steinprentaðar myndir og aðra líkíngarfulla uppdrætti. Þó skal ábyrgðarmaður ritsins, svo framarlega sem þær (ɔ: myndirnar, uppdrættirnir) eru út gefnar með einhverju riti og svo sem hluti úr því, einnig hafa ábyrgð af myndunum.

17. gr.

Þetta lagaboð gildir í staðinn fyrir lagaboðið, sem dagsett er 5. d. júlímán. 1850, og ákvarðanir þær, sem áður eru gefnar um prentfrelsi.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur að breyta.

# B.

# VIÐBÆTIR.

## Lagaboð og reglugjörðir stjórnarinnar,

sem út eru komnar, síðan alþíngi var slitið

**1849.**

# Lög um kosníngar

til þjóðfundar þess á Íslandi, sem heitið er í konúngsbrèfi 23. sept. 1848.

---

**Vèr Friðrik hinn Sjöundi**, af guðs náð **Danmerkur konúngur, Vinda og Gauta, hertogi í Slèsvík, Holsetalandi, Stórmæri, Þèttmerski, Láenborg og Aldinborg**, Gjörum kunnugt: Eptir að Vèr höfum meðtekið þegnlegā bænarskrá Vors trúa alþíngis og álitsskjal þess um það, hvernig bezt mætti koma fyrir kosníngum til þjóðfundar þess, sem heitið er í brèfi Voru 23. sept. 1848, bjóðum vèr og skipum á þessa leið:

§ 1.

Á þjóðfundi þeim, sem heitið er í brèfi Voru 23. sept. 1848, skulu vera 46 menn, 40 þjóðkjörnir, eptir þeim reglum, sem hèr verða settar, og 6, er Vèr munum kjósa.

§ 2.

Hvert lögsagnar-umdæmi, með þeim ummerkjum, sem það nú hefur, skal vera kjördæmi sèr, og kjósa tvo fulltrúa til þjóðfundar þess, sem um er getið í fyrstu grein. Þó skal Skaptafellssýslu skipt í tvo kjörhluta, sem híngað til.

§ 3.

Rètt á að kjósa fulltrúa eiga þeir einir:

*a*) sem hafa óflekkað mannorð; því má einginn sá kjósa, sem sekur er orðinn að lagadómi um nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenníngsáliti, ekki heldur neinn sá, sem mál hefur verið höfðað á hendur um slíkt verk, nema hann sè dæmdur alsýkn saka;

*b*) sem eru þrítugir að aldri, þá er kjósa skal;

*c*) sem eru fjár síns fullráðandi;

*d*) sem leggja til sveitar af efnum sjálfra sín, og ekki standa í skuld fyrir sveitarstyrk;

*e*) sem eiga með sig sjálfir; þó má einnig sá kjósa, sem öðr-

um er háður, ef hann veitir heimili forstöðu, eða er verzlunarfulltrúi, eða er útskrifaður úr skóla;

*f*) sem hafa verið heimilisfastir í kjördæminu hið síðasta ár;

*g*) sem Oss eru þegnskyldir.

§ 4.

Kjörgeingur til fulltrúa á þjóðfundinn er hver maður, sem hefur fimm um tvítugt, þegar kosið er, og hefur þá hæfilegleika til að bera, sem til kosningarréttar þarf (§ 3). Þó má þann kjósa, sem á heimili utan kjörþingis, eða verið hefur í því skemur en eitt ár.

§ 5.

Fyrir kosningunum skulu vera bæjarfógetinn í Reykjavík og sýslumenn, hver í sinni sýslu.

§ 6.

Prestur hver skal með hreppstjórum, eptir ráðstöfun kjörstjóra, semja nákvæma skýrslu yfir alla þá menn í sóknum hans, sem kosningarrètt hafa og kjörgeingir eru. Skal skrá þessi með fullum nöfnum, aldri, stètt og heimili, fyrst til greina þá, sem kosningarrètt hafa (§ 3), og síðan þá aðra, sem kjörgeingir eru (§ 4). Í Reykjavík semja skrá þessa dómkirkjupresturinn og oddviti bæjarfulltrúanna.

§ 7.

Þá er nafnaskrár þessar eru samdar, skulu þær vera til sýnis öllum í þínghúsinu í Reykjavík, og hjá hverjum sóknarpresti ella, og skal því lýsa á vanalegan hátt, að minnsta kosti hálfum mánuði fyrir kjörþíngi.

§ 8.

Þyki nokkrum einhver sá vera nefndur á kjörskránum, sem ekki hafi það til að bera, er veiti kosníngarrètt eða kjörgeingi, eður að nokkrum manni sè þar ránglega sleppt, á hann, ef hann vill hafa leiðrètting þess, að tjá það kjörstjóra og leiða rök til, að minnsta kosti 4 dögum fyrir kjörþing, en kjörstjórinn skal síðan kveðja hann til þíngsins og aðra, sem hlut eiga í máli.

§ 9.

Kosníngar skulu fram fara næsta vor, svo tímanlega sem má, og, ef nokkur kostur er á, ekki síðar, en litlu fyrir fardaga. Amtmenn skulu með ráði kjörstjóranna kveða á kjörþíngisdaginn og þíngstaðinn í hverju kjördæmi, og skal þíng vera sama dag, ef verða má, í öllum kjördæmum í sama amti. Skal

síðan hver kjörstjóri auglýsa á vanalegan hátt dag og stað og stundu, þá er kosníng skal fara fram, að minnsta kosti 8 dögum á undan.

§ 10.

Kjörstjóri hver skal kveðja til aðstoðar með sèr tvo valinkunna menn, er vel þekkja til í kjördæminu, og skal hann taka eið af þeim, og skipta síðan verkum með þeim.

§ 11.

Kjörstjóri og aðstoðarmenn hans skulu vera komnir á kjörþíngisstaðinn hina ákveðnu stund, og hafa meðferðis allar kjörskrárnar úr kjördæminu (§ 6), og athugasemdir, sem við þær eru gjörðar (§ 8), ef nokkrar eru.

§ 12.

Kjörstjóri skal taka til starfa, með að brýna fyrir kjósendum, hve mikils varðandi kosníngin sè, og annist hann síðan, að hún fari fram sem skipulegast.

§ 13.

Áður en til kosnínga er geingið, skal kjörstjórnin leggja úrskurð á athugasemdir þær, sem fram eru komnar við kjörskrárnar. Þessir úrskurðir skulu ritaðir í gjörðabók kjörstjórnarinnar.

§ 14.

Skal að svo búnu gánga til kosnínga á þann hátt, sem kjörstjóri segir fyrir. Kjörstjórnarmennirnir skulu þá fyrst rita atkvæði sín í kjörbækurnar, á þann hátt, sem hèr á eptir segir, og haga svo til, að ekki sjáist, fyr en upp eru lesnar kjörbækurnar. Síðan gánga hinir kjósendurnir fram til atkvæðagreiðslu í þeirri röð, sem á er kveðin. Hver sá, er neyta vill kosníngarrèttar síns, skal koma sjálfur á kjörþíngi, og, þá er hann geingur fram til kosníngar, nefna tvo menn með fullu nafni, stètt og heimili. Atkvæðin skulu aðstoðarmenn kjörstjóra rita í tvær bækur; skal annar þeirra rita í bók sèr nafn kjósanda, og þar við nöfn þeirra manna, sem hann kýs; en hinn aðstoðarmaðurinn skal rita í aðra bók nöfn þeirra manna, sem kosnir eru, og undir hvert þeirra nafn kjósandans. Síðan skal hver aðstoðarmaður fyrir sig lesa upp fyrir kjósanda atkvæði hans, og leiðrètta, ef misbókazt hefur.

§ 15.

Einginn má kjósa þann, sem utan kjörþíngis býr, nema það sè sannað fyrir kjörstjórum, að hann sè kjörgeingur, og vilji takast kosnínguna á hendur í því kjördæmi og eingu öðru.

§ 16.

Þá er atkvæðagreiðslu er lokið, skal að nýju bera saman kjörbækurnar, og lesa upp greinilega, og leiðrètta enn, ef misbókazt hefur. Síðan skal telja saman atkvæðin fyrir hvern þann mann, sem kosníngaratkvæði hefur feingið, og kveða síðan upp fyrir þíngheiminum.

§ 17.

Þegar kosníngunni er svo lángt komið í þeim kjörhluta Skaptafellssýslu, er fyrri skal kjósa, skal taka kjörbækurnar og innsigla með signetum kjörstjóranna. En þá er kosið er í síðari hlutanum, skal, áður geingið sè til atkvæðagreiðslu, taka innsiglin frá kjörbókunum úr hinum hlutanum, og lesa þær upp greinilega. Þá er kosníngunni er lokið, skal leggja saman atkvæðin úr báðum kjörhlutum, og kveða síðan upp.

§ 18.

Þeir tveir menn, sem feingið hafa flest atkvæði, skulu vera fulltrúar kjördæmisins. Hafi tveir eða fleiri jafnmörg atkvæði, skal aldur ráða, eða hlutkesti, ef þeir eru jafngamlir.

§ 19.

Þíngmönnum þeim, sem kosnir eru, skal birta brèflega kosnínguna; skulu kjörstjórarnir allir rita þar undir nöfn sín, nema einhver þeirra sè kosinn; því þá nægir, að hinir riti undir. Svo skulu þeir og birta kosnínguna amtmanni, en amtmaður aptur stjórnarherra innanríkismálanna.

§ 20.

Hver maður, sem innan kjördæmis á heima, er skyldur til, þá er hann verður þess vís, að hann er kjörinn, undir eins að kýnna kjörstjóra brèflega, hvort hann geti tekið það erindi á hendur eða eigi. Ef hann skorast undan, skal kjósa um aptur, ef þess er kostur, á sama hátt og áður er sagt.

§ 21.

Þá er Vèr með opnu brèfi stefnum mönnum þeim, er kosnir verða eptir þessum kosníngarlögum, til fundar í Reykjavík,

munum Vèr til taka nákvæmlega, hve nær fundurinn skuli vera. Skulu þíngmenn, þá er þeir koma til fundarins, hafa með sèr kjörbrèf sín til skýrteinis.

§ 22.

Fundarmenn fá 3 rbdd. í fæðispenínga hvern dag, sem þeir eru á fundinum. En meðan þeir eru á leiðinni, heiman að til þíngsins og heim aptur frá þínginu, fær hver þeirra 4 rbdd. um daginn í fæðispenínga og ferðakostnað.

Kjörstjórnarmennirnir skulu hafa borgun eptir opnu brèfi 6. júlí 1848.

Hèr eptir eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

*Gefið í höll Vorri á Friðriksborg, 28. september[1] 1849.*

*Undir hendi Vorri og innsigli.*

# Auglýsíng

um siglíngar til Krossvíkur á Akranesi.

Konúngur hefur í úrskurði sínum 16. dag þessa mánaðar skipað fyrir á þessa leið.

Leyfi það, sem gefið er verzlunarmönnum í Reykjavík í opnu brèfi 11. dag maímánaðar 1847, að sigla til Krossvíkur á Akranesi, skal vera í gildi 3 ár til, frá 1. degi janúarmánaðar þessa árs. Þó skulu þau skip, sem þeir ætla þar að hafa til verzlunar fyrir sjálfa sig, ef þau koma frá útlöndum, áður sigla til Reykjavíkur, og skal þar sýna heimildarskjölin, einkum þau, er að vörn mót sjúkleika lúta Að öðru leyti gilda á Krossvík skilmálar þeir, sem ákveðnir eru í opnu brèfi 28. dag desembers 1836, um verzlun á löggiltum kauptúnum. Þar að auki skulu lausakaupmenn hafa leyfi til, sömu 3 árin með sömu skilmálum, að sigla til Krossvíkur og verzla þar, þó ekki nema í júnímánuði hvert ár.

Þetta birtist hèr öllum hlutaðeigendum.

*Í stjórnardeild innanríkismálanna, 17. dag maímán. 1850.*

[1]) Undir íslenzkunni í lagaboðinu sjálfu stendur: „28. október".

# Opið brèf

um, hve nær manntalsþíng skal halda í Norður-Múlasýslu.

**Vèr Friðrik hinn Sjöundi,** af guðs náð **Danmerkur konúngur, Vinda og Gauta, hertogi í Slèsvík, Holsetalandi, Stórmæri, Þèttmerski, Láenborg og Aldinborg,** Gjörum kunnugt: Vèr höfum feingið þegnlegar tillögur Vorra trúu alþíngismanna um, hve nær manntalsþíng megi halda í Norður-Múlasýslu, og bjóðum nú á þessa leið:

Í þeim þíngsóknum í Norður-Múlasýslu, sem vegur liggur til yfir örðuga fjallvegi, má fresta, að halda manntalsþíngin, þángað til í júní-mánuði eða í júlí.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

*Gefið í höll Vorri Friðriksborg, 18. ágúst 1850.*

*Undir Vorri konúnglegu hendi og innsigli.*

# Tilskipun

um nokkrar breytíngar á erfðalögunum á Íslandi.

**Vèr Friðrik hinn Sjöundi,** af guðs náð **Danmerkur konúngur, Vinda og Gauta, hertogi í Slèsvík, Holsetalandi, Stórmæri, Þèttmerski, Láenborg og Aldinborg,** Gjörum kunnugt: Eptir að Vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vorra trúu alþíngismanna um frumvarp, er fyrir þá hefur verið lagt, til nokkurra breytínga á erfðalögunum á Íslandi, bjóðum Vèr nú og skipum fyrir á þessa leið:

§ 1.

Eptir þennan dag skal mismunur sá, sem eptir dönsku og norsku laga 5—2—29 skyldi vera á arfahlutum karla og kvenna, vera af tekinn á landi Voru Íslandi.

§ 2.

Börn hins látna og annað afspreingi skulu hèr eptir, eins og híngað til, vera nánustu erfingjar hans, svo einginn annar erfir fyrir frændsemis sakir, meðan nokkurt þeirra er til. Um niðja-arf skal það óraskað standa, sem boðið er í D. og N. L. 5. b., 2. kap., svo að, ef barn er andað á undan hinum látna, skulu börn þess, sem eru barnabörn hins látna, koma í stað þess, og taka þann arfahlut, er því hefði borið, ef það hefði lifað, en ef barnsbarn er líka andað á undan hinum látna, og lifa börn þess, þá skulu þau koma í stað þess, og eins skal fara, ef barnsbarn kynni að vera dautt og ætti börn á lífi eptir, og svo framvegis, meðan nokkur niður er til. Að öðru leyti er það sjálfsagt, að barnabörn halda óskertum erfðarètti sínum eptir afa og ömmur, eins og áður, samkvæmt tilsk. 4. okt. 1833, 22. gr., þótt faðir þeirra eða móðir hafi með dómi misst erfðarètt eptir foreldra sína.

§ 3.

Sè ekkert arfgeingt afkvæmi til, en faðir og móðir hins látna lifa, erfa þau hann ein saman. Sè, eins og lög bjóða, fullur fèlagsskapur milli hjóna, þarf ekki á skiptum að halda. En ef það er ekki, skal skipta arfinum að helmíngi milli þeirra, nema þau sèu skilin með dómi fyrir hórdómssök, því þá skal það þeirra taka allan arf, sem ekki hefur brotið.

§ 4.

En ef faðir er andaður eða móðir, þá tekur það þeirra, sem er á lífi, helmíng arfs, en hinn helmíngurinn hverfur undir börn þess þeirra, sem andað er, en það eru alsystkin eða hálfsystkin hins látna, og skal skipta jafnt í millum þeirra. En ef nokkurt þeirra er dautt, koma börn þess eða aðrir niðjar í stað þess, eptir því, sem fyrir er mælt í 2. grein. En ef einginn niður er á lífi eptir það af foreldrunum, sem andað er, tekur hitt allan arfinn.

§ 5.

Ef báðir foreldrar eru látnir, hverfa arfahlutar þeirra undir börn þeirra, sem eru systkin hins látna. Ef öll börnin hafa sömu foreldra, erfa þau öll jafnt, en ef þau hafa það ekki, erfa þau börn, sem foreldra eiga saman, þann part, sem borið hefði undir föður þeirra eða móður, ef lifað hefði, og börn beggja foreldra hins látna erfa því með tvennu móti. Nú er

eitt af systkinum hins látna áður dautt, og lifa börn þess, þá koma þau í stað föður síns eða móður, og eins skal fara, þá er eitthvert af börnum systkinanna er andað, og lifa börn þess, að þá koma þau í stað föður síns eða móður, og svo framvegis, eptir því, sem fyrir er skipað í 4. grein.

Meðan einhver er á lífi af afkvæmi samfeðra eða sammæðra systkina, tekur hver af þessum knèrunnum (greinum) helmíng arfs, hvort sem erfíngjar eru margir eða fáir, náskyldir eða fjærskyldir; en sè einginn á lífi af öðrum knèrunninum, tekur hinn allan arf.

§ 6.

Ef ekki eru niðjar til, foreldrar, systkini, eða afkvæmi þeirra, þá taka afar og ömmur hins látna arf á þann hátt, að föðurforeldrar hins látna taka helmíng arfsins, en móðurforeldrar hinn helmínginn, og er síðan skipt með þeim að jöfnu. Ef afi er dauður eða amma, taka börn þeirra eða annað afkvæmi arfahluta þeirra, eptir þeim reglum, sem settar eru í 4. og 5. gr. um arf foreldra, systkina og niðja þeirra. Ef annaðhvort af föðurforeldrum eða móðurforeldrum er andað, og á eingin börn eða afkvæmi á lífi, hverfur arfahluti þess undir hitt, eða þess afkvæmi. En sè í þessari erfð einginn föðurfrændi til, erfa móðurfrændur allan arfinn, og sèu ekki móðurfrændur til, þá erfa föðurfrændur.

§ 7.

Ef einginn er á lífi úr erfð þeirri, sem um er getið í 6. grein, hverfur arfur undir lángafa og lángömmur og afkvæmi þeirra, og skal þá allt fara samkvæmt ákvörðunum þeim, sem gjörðar eru í þeirri grein: að hver forfeðra-grein fær sinn arfahlut, meðan einhver af þeirri grein er á lífi; en þegar ein greinin er liðin undir lok, fellur arfur undir þá aðalgreinina, sem henni er nánust, og að þegar ekki er nema ein þeirra til, hverfur allur arfurinn undir hana. Þannig skulu foreldrar föðurafa og föðurömmu, eða ættbogar þeir, sem frá þeim eru komnir, allir saman taka helmíng arfs að jöfnum skiptum, og foreldrar móðurafa og móðurömmu, eða afkvæmi þeirra, hinn helmínginn. En sè t. a. m. einginn af forfeðrum föðurafans á lífi, nè afkvæmi þeirra, hverfur sá arfahluti, er sú grein hefði átt að taka, undir forfeður föðurömmu og þeirra niðja; en sè ekki heldur neinn erfíngi til þeim megin, taka afkvæmi móðurafa

og móðurömmu allan arf að jöfnum skiptum, eða sè önnur þeirra undir lok liðin, þá sú af þeim, sem uppi er.

§ 8.

Sè ekki heldur neinn maður á lífi, er arfgeingur sè eptir 7. grein, hverfur arfur hins látna undir lángafaforeldra hans eða afkvæmi þeirra, og skal að öllu leyti fara eptir því, sem ákveðið er í nefndri grein, og greinunum þar á undan. Þar með eru takmörk þau af tekin, er lögin hafa stundum sett við 7. mann.

§ 9.

Undanfarandi greinir miða einúngis til að ákvarða, á hvern hátt ættingjar skulu taka arf, en um ásigkomulag frændsemi þeirrar, er arftökurètt veitir, skal það standa óraskað, sem híngað til hafa lög verið. En þar eð L. 5—2—33 verður ekki leingur við komið beinlínis, eins og orðin liggja, viljum Vèr í þess stað ákvarða, að hvert barn, sem getið er utan hjónabands, skuli eiga arftökurètt eptir föður og föðurfrændur, ef foreldrarnir hafa látið það áform í ljósi, áður en barnið fæddist, að þau ætluðu að eigast, annaðhvort með því, að beiðast lýsíngar, eða með því, að kaupa leyfisbrèf, en ekki hefur getað orðið af hjónavígslunni, sakir þess, að faðirinn hefur dáið litlu síðar, eða sakir einhverrar annarar tálmunar, er honum verður ei gefin sök á, og helzt alla æfi hans, t. a. m. veikindi eða hertekníng. Til þess barninu veiti hægra, að sanna arftökurètt sinn, þegar svo stendur á, eins og hèr er um rætt, þá viljum Vèr ánýja fyrir prestunum þá skipun Vora, að þeir riti í kirkjubækurnar, þegar beðizt er lýsíngar, samkvæmt því, sem boðið er í tilsk. 30. april 1824, 5. gr., sbr. konúngsbrèf 7. desember 1827.

§ 10.

Ef faðir kostar töluverðu upp á eitt eða fleiri af börnum sínum, eptir að þau eru komin upp, annaðhvort til að mennta þau betur til þeirrar stèttar, sem þeim er ætluð, eða til að gjöra þau fær um, að festa ráð sitt eða komast í atvinnuveg, eða til að efla framkvæmdir þeirra eða auka velgeingni þeirra á annan hátt, en honum þykir sanngjarnt við hin börn sín, að draga þennan-kostnað og styrk af arfahluta barnsins, enda sè þetta sýnilegt, annaðhvort af því, að hann hafi í því skyni skrifað upp útgjöld sín, eða af öðrum ljósum skýrteinum, þá skal sá afdráttur fram fara, og skal bæði draga af föðurarfinum, og af þeim arfi,

er börnin kynnu að fá eptir móður sína, þegar hún hefur átt félagsbú með föðurnum. Það skal vera aðalreglan, að það, sem faðirinn hefur skriflegt eptir sig látið, skal vera full sönnun fyrir því, sem hvert barn hefur feingið fyrir fram. En komi áreiðanlegar líkur fram þar á móti, eða ef það lýsir sèr, að þess konar útgjöld eru talin barninu, sem ekki ættu að rèttu að telja því upp í arf, annaðhvort vegna þess, hvernig útgjöldum þessum er varið í sjálfu sèr, eða eptir efnahag búsins, eða hafi verið kostað upp á hin börnin, án þess það hafi verið skrifað upp eins, eða sè eitthvað auðsjáanlega virt of hátt, þá skal skiptaráðandi íhuga allar kríngumstæður nákvæmlega, og ákveða síðan, hvort afdrátturinn eigi að fara fram, eða að hve miklu leyti. Geti barnið skilað þeim hlut aptur jafngóðum, er það hefur feingið, kemst það hjá, að gjalda verð það, er hluturinn var metinn til. Sè ekki svo ástatt, má þó ekki skildagalaust telja barninu upp í arf verð það, er hluturinn var keyptur fyrir, heldur skal einnig líta á gángverð það, er þá er á peníngum, eptir því sem á stendur, og yfir höfuð ekki meta hlutinn hærra, en sanngjarnt er, svo að jöfnuður verði á við hin börnin. Þyki þess þörf, til að fá áreiðanlega grein fyrir öllu því, er til álita skal koma um afdráttinn, þá skal skiptaráðandi kveða til valinkunna og rèttsýna menn, af frændum eða nákunníngjum hins látna, til að segja álit sitt um málið.

§ 11.

Ef barnið hefur feingið meira fè fyrir fram, en nemur arfahluta þeim, er því ber, fær það að vísu eingan arf, en verður þó ekki skyldað til sem skuldunautur, að borga það, sem það hefur tekið á móti fyrir fram einúngis upp í arfsvon sína. En hafi faðirinn, af rángsleitni við skuldaheimtumenn sína, gefið börnum sínum þvílíkar gjafir, að hann eða bú hans vinnst eigi til, að borga skuldaheimtumönnum, þá skulu slíkar gjafir ógildar að lögum.

§ 12.

Veiti móðir einstökum börnum sínum styrk, eptir að faðir er dauður, þá skal telja þeim þann styrk upp í arfahluta þeirra síðan, á sama hátt og eptir sömu reglum, sem fyrir er mælt í 10. og 11. gr. um föðurinn. Þannig skal einnig breyta, sè það seinni maður hennar, er veitir þeim slíkan styrk, sem ráðandi fèlagsbús síns og móðurinnar. Sama er og að segja

um þann styrk, er föðurforeldrar eða móðurforeldrar veita barnsbarni sínu, eptir að barn þeirra sjálft er látið.

§ 13.

Nú hefur barn feingið styrk fyrir fram upp í arf sinn eptir föður og móður, eða annaðhvort þeirra, og deyr fyrri, en á börn á lífi, þá skal draga þann styrk á síðan frá arfahluta þeirra eptir afa þeirra og ömmu, á sama hátt og með sömu skilmálum og ákveðið er um barnið sjálft.

§ 14.

Það er, eins og áður, bannað, að selja eða veðsetja arf þann, er maður á í vændum; eigi má heldur gefa slíkan arf. Þó skal eigi varna börnum eða öðrum niðjum, að afsala sèr arftökurètt í hendur þeim, er þau eiga arfsvon að, hvort sem það er gjört fyrir nokkuð eða ekkert, sèu þau annars fullveðja og fjár síns ráðandi; sè ekkert skilyrði haft, skal þetta vera jafnt skuldbindandi fyrir börn þess, er afsalar sèr arf, eins og fyrir hann sjálfan. Sama er og, ef einhver sá erfingi, sem ekki er niður hins, afsalar sèr arftökurètt í hendur þeim, er hann stendur til að erfa.

§ 15.

Auk skyldmenna þeirra, sem talin eru í 2.—8. gr., á einnig það hjóna, sem lifir eptir, rètt á, að taka arfahlut eptir hið látna. Eigi hið látna afkvæmi á lífi, er erfðarètt hefur, þá skal arfahluti hins vera jafn því, sem arfahluti eins barns er að lögum; þó má hann aldrei vera meiri en svo, að hann samsvari fjórðúngi af öllum arfi hins látna, þegar frá hefur verið talið það, er gefið kynni að vera einstökum niðjum eða öðrum, samkvæmt 22. gr. í tilskipun þessari. Þó ekki sè barn til, skal samt miða við þann hluta, er það hefði átt að fá, þó sá arfahluti skiptist milli fleiri niðja, er koma í stað hins látna barns. Eigi hið látna ekkert afkvæmi á lífi, hverfur þriðjúngur arfs eptir það til hins, er leingur lifir.

§ 16.

Vèr höfum veitt því hjóna, er leingur lifir, þau rèttindi í 15. grein, sem eru í flestu miklu haganlegri og minni annmörkum bundin, en þau, er L. 5—2—19 veitir, þar sem leyft er að taka bróðurlóð, þegar svo er ástatt, sem þar er getið, eða næsta grein þar á eptir, þar sem hjónum er leyft, að virða sèr fè sitt, og skerða með því að nokkru leyti sameign þá, sem tíðkanleg

er meðal hjóna; skal því allt það ógilt vera, er greinir þessar ákvarða um þetta efni. Að öðru leyti er það sjálfsagt, að það hjóna, sem leingur lifir, eignast arf sinn eptir hitt með sama rètti og hvern annan arf, og ná þar alls ekki til þær ákvarðanir, sem hin fyrri lagagrein, er þegar var nefnd, hefur sett um bróðurlóð það, er þar getur um. Hjón eiga og kost á, eins og áður, að leita þess háttar samníngum staðfestíngar, er annaðhvort af taka eða takmarka sameign þá á milli þeirra, er almennt tíðkast milli hjóna.

Rèttur sá skal haldast, sem L. 5—2—25, sbr. 26. gr., veitir ekkjum, að taka festargjöf eða morgungjöf; þá er maður hennar hefur áður gefið henni, og skal taka þetta af óskiptu búi. Að öðru leyti viljum Vèr, að það skuli óbreytt standa, sem boðið er í L. 5—2—24, og hinum öðrum ákvörðunum um, hvað það hjóna, sem leingur lifir, megi taka af óskiptu fèlagsbúinu, sem eign sína.

§ 17.

Ef það hjóna, er fyrri deyr, á eingan þann ættíngja á lífi, er til arfs nær, eptir því erfðatali, sem hèr er skipað, þá tekur það, er leingur lifir, allan arf. Rèttur hjóna, til að erfa hvort annað, bæði sá, er hèr er getið, og sá, er talað er um í 15. gr., hverfur sjálfkrafa, þegar hjónaskilnaður verður; hann skal og ekki haldast, þegar þau eru eptir leyfisbrèfi skilin að borði og sæng.

§ 18.

Ekki er maður skyldur, að skipta arfi eptir konu sína andaða með börnum þeirra ómyndugum, alla þá stund, sem hann ekki kvongast á ný, nema því að eins, að kaupmálabrèf eða aðrar gildar ákvarðanir gjöri slík skipti nauðsynleg. Það er og á hans valdi, að veita konu sinni með arfleiðsluskrá sama rètt, og hann hefur, til að sitja í óskiptu búi. En sè eingin slík ákvörðun gjörð, skal amtmaður mega veita ekkjunni leyfi þetta, ef hún sannar með áreiðanlegum vitnisburðum, að hún sè ráðdeildarsöm kona, er kunni vel að fara með fè sitt. Þetta leyfi mega einnig amtmenn veita foreldri því, sem leingur lifir, þó ómyndug stjúpbörn sèu, ef líkindi eru til, að vitni þess, sem er borinn forsvarsmaður barnanna, eða eptir áliti annara áreiðanlegra manna, að stjúpfaðir eða stjúpmóðir muni sjá þeim fyrir sæmilegu framfæri og uppeldi. Nú situr það hjóna, er leingur lifir, í óskiptu búi, og bætist því eitthvað, sem eigi

kemur búinu við, einkum að erfðum eða gjöfum, þá þarf ekki að leggja það í búið, ef skipta er beðizt þá þegar, áður það hefur runnið þar inn.

§ 19.

Rèttur sá, er það hjóna, er leingur lifir, hefur til, að sitja í óskiptu búi, samkvæmt undanfarandi grein, hverfur jafnskjótt, ef það giptist aptur. En þegar svo er ástatt, og skipta skal, eða þegar það hjóna, er leingur lifir, verður að láta skipta, þó það giptist ekki á ný, eptir því, sem fyrir er mælt í 18. gr., þá skal skiptaráðandi sjá um, að stjórn búsins mæti sem minnstum baga, að verða má. Skiptin á að byggja á framtölu búsráðanda sjálfs á eigum og skuldum búsins, að svo miklu leyti, sem erfíngjar og fjárhaldsmenn þeirra fallast á hana, og skiptaráðandi ekki finnur neina sèrlega ástæðu til, að reingja hana fyrir hönd hinna ómyndugu. Og þótt framtalan þyki eigi í alla staði rètt, skal samt ekki selja fjármuni búsins, nema nauðsyn beri til, heldur skal láta virða þá af óvilhöllum mönnum. Þegar nú arfahlutar barnanna eru fundnir á þennan hátt, skal þá greiða af hendi, eða varðveita, eins og vera ber, ef þau eru ómyndug, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í tilskipun 18. febr. 1847, um fjárforráð ómyndugra á Íslandi.

§ 20.

Það skal hèðan af leyft vera hverjum einum, sem er 18 vetra að aldri, og með fullri skynsemi, og ekki á arfgeingt afkvæmi, að ráðstafa öllum eignum sínum með arfleiðsluskrá, eins og honum sjálfum líkar, án þess leita þurfi staðfestíngar til konúngs. Þó má annað hjóna ekki svipta hitt þeim hluta af arfi eptir sig, er 15. gr. veitir því tilkall til, nema það hafi gefið sjálft til þess samþykki sitt.

§ 21.

Ef sá, sem gjöra vill arfleiðsluskrá, er settur undir forráð annara, annaðhvort vegna eyðslusemi eða annara sèrlegra orsaka, þá verður ekki gild arfleiðsluskrá hans, nema honum sè veitt leyfi af amtmanni til að gjöra hana. Sömuleiðis þarf og staðfesting amtmanns til þess, að sá maður, er gjörður hefur verið ómyndugur, geti kallað aptur að lögum arfleiðslu þá, er staðfest hefur verið á tèðan hátt, eða hverja aðra eldri, er hann kynni að hafa gjört, áður en hann varð ómyndugur.

§ 22.

Sá, sem á arfgeinga niðja á lífi, skal eiga rètt á, að gefa fjórðúng úr fè sínu, hvort sem hann ráðstafar því handa einstökum mönnum, eða handa kirkjum, skólum eða fátækum, eða til annars þvílíks augnamiðs.

§ 23.

Til þess að arfleiðsluskrá sè löggild, ef nokkur af hlutaðeigendum vill reingja, á hún að vera brèfleg, og skal sá, er arfleiðir, annaðhvort hafa ritað nafn sitt undir hana, eða kennzt við hana, annaðhvort fyrir *Notarius publicus*, eptir því, sem fyrir er skipað í opnu brèfi 8. janúar 1823, sbr. konúngsbrèf 5. apríl 1826, eða fyrir tveim vitnum, er til kvödd hafa verið í því skyni, og ritað á arfleiðsluskrána vottorð sitt; skulu þau geta unnið eið að því, ef þörf gjörist, að arfleiðandi hafi þá verið með fullu ráði, er hann ritaði, í viðurvist þeirra, nafn sitt undir arfleiðsluskrána, eða kenndist við hana. Sè arfleiðandi ólæs á skrif, skal lesa arfleiðsluskrána skilmerkilega upp fyrir honum, og skal *Notarius* eða vitnin sanna, að svo hafi verið gjört. Um arfleiðsluskrár skal þá eina til vitna taka, er sèu svo valinkunnir og rèttsýnir, að ei verði neitt með rökum að þeim fundið.

Þegar vitni skal leiða um arfleiðsluskrá, hvort rètt sè, skal ætíð kveðja til lögerfíngja hins látna, og þegar fram kemur önnur arfleiðsluskrá eldri, og gagnstæð þeirri, er sanna skal að rètt sè, skal einnig kveðja til þá, er arfleiddir voru í hinni fyrri skrá, til að vera viðstaddir vitnaleiðsluna. Sè sá, er vitni vill leiða, óviss um, hverja arfgeinga frændur hinn látni eigi eptir, eða hann veit ekki til, að þeir sèu á Íslandi, þá má leiða þíngsvitni sem fyrst, og þarf eigi að kveðja til frændur þá, sem þeim, er þíngsvitni vill leiða, er ókunnugt um, eða sem fjærstaddir eru, eptir því sem nú var sagt, en sýslumaður skal setja þeim valinkunnan og kunnugan svaramann, og skal hann, eins og dómarinn sjálfur, gæta rèttar þeirra við þíngsvitnis-leiðsluna.

§ 24.

Verði maður snögglega og hættulega veikur, og vilji gjöra arfleiðsluskrá, má víkja frá reglu þeirri, sem sett er í 23. gr., að arfleiðsluskrár skuli vera brèflegar. Arfleiðslan má þá fara fram munnlega, í viðurvist tveggja tilkvaddra votta, er sèu svo að sèr gjörvir, sem arfleiðsluvottar eiga að vera, og til tekið er

í 23. gr.; þó skulu þeir menn tafarlaust skrásetja efni arfleiðslunnar, og rita nöfn sín undir. En slík arfleiðsluskrá skal heita sem aptur tekin, ef arfleiðandi verður aptur heill heilsu, og ánýjar hana ekki, áður 4 vikur eru liðnar, á þann hátt, sem ákveðið er um brèflegar arfleiðsluskrár.

§ 25.

Reglur þær um arfleiðsluskrár, er standa í greinunum hèr að framan, skulu einnig haldast um þess konar gjafabrèf, sem ekki er ætlazt til að gildi fyr en að gjafaranum dauðum, þó með breytíngum þeim, er leiða af, að gjafabrèfið er nokkurs konar samníngur.

§ 26.

Þegar bú er ekki tekið til skipta, eptir því, sem fyrir er mælt í þessari tilskipun Vorri, fyrir þá sök, að hlutaðeigandi situr í óskiptu búi með ómyndugum börnum, skal ekki lúka skiptaráðanda gjald það, sem skipað er í aukatekjureglugjörð 10. septemb. 1830, 28. gr.

§ 27.

Breytíng sú, er tilskipun þessi gjörir á erfðalögunum, verður fyrst löggild um þann arf, er fellur til eptir 31. desember 1851, en um arfleiðsluskrár, arfsalsbrèf og kaupmálagjörnínga, sem samið hefur verið fyrir þann dag, skal fara eptir lögum þeim, er híngað til hafa verið í gildi. Þó skulu arfleiðsluskrár þær, er áður eru samdar, vera löggildar staðfestíngarlaust, ef þær eru að lögum og efni samkvæmar tilskipun þessari, þó þær sèu ekki samkvæmar lagareglum þeim, er híngað til hafa verið.

§ 28.

Til þess, að efni þessarar Vorrar tilskipunar því óbrigðulegar, skuli verða kunnugt öllum hlutaðeigendum, viljum Vèr, að hún bæði verði birt á vanalegan hátt, og þar að auki svo mikið prentað af henni, að hver hreppstjóri geti feingið eina. Þar að auki skal birta hana við kirkjur, á þann hátt, sem skipað er í tilskipun 8. október 1824, § 2, sbr. konúngsbrèf 7. desember 1827, 3, og vonum Vèr einnig, að prestar, hreppstjórar og aðrir, sem eru í þeirri stètt, að þeir hafa tækifæri til, að leiðbeina alþýðu, láti sèr annt um, að gjöra öllum kunn-

ar reglur þessarar tilskipunar Vorrar, einkum efnið í 23. og 24. grein.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

*Gefið í höll Vorri Kristjánsborg, 25. september 1850.*

*Undir Vorri konúnglegu hendi og innsigli.*

---

# Opið brèf

*fyrir Ísland*

um skyldu embættismanna og ekkna þeirra, að gjalda til jafnaðarsjóðanna.

---

Eptir uppástúngu stjórnardeildar innanríkismálanna og samkvæmt bænarskrá alþíngis hefur konúngi þóknazt 6. þ. m. allra-mildilegast að fallast á, að embættismenn og ekkjur þeirra skuli hèr eptir, af tíundbæru lausafè sínu, greiða lögskipuð gjöld til jafnaðarsjóðanna, jafnt sem bændur.

Þetta birtist hèr öllum hlutaðeigendum.

*Í stjórnardeild innanríkismálanna, 8. júní 1851.*

---

# Konúngleg auglýsing

*til Íslendinga.*

---

**Vèr Friðrik hinn Sjöundi,** af guðs **náð Danmerkur konúngur, Vinda og Gauta, hertogi í Slèsvík, Holsetalandi, Stórmæri, Þèttmerski, Láenborg og Aldinborg,** Gjörum kunnugt: Oss hefur borizt í hendur ávarp frá 36 þegnum Vorum á Íslandi, er setið hafa á þjóðfundi þeim, er haldinn var í Reykjavík árið sem leið, og ætlað var, að segja álit sitt um lagafrumvarp það um stöðu Íslands eptirleiðis í fyrirkomulagi ríkis Vors, er lagt var fyrir fundinn, samkvæmt allramildasta boði Voru, svo og allmargar bænarskrár frá mönnum úr ýmsum hèruðum landsins. Í bænarskrám þessum er kvartað

yfir, að stiptamtmaður Vor á Íslandi, sem var fulltrúi vor á fundinum, sleit fundi þessum 9. ágúst f. á., áður en fundarmenn höfðu lokið umræðum sínum um tèð lagafrumvarp, og eru jafnframt bornar upp ýmsar kröfur og óskir viðvíkjandi stöðu Íslands í ríkinu.

Fyrir þessar sakir hefur Oss þótt hlýða, að lýsa því yfir, að Oss þykir mjög illa hafa til tekizt, að tilgángur sá, sem fundinum var stefnt saman í, samkvæmt brèfi Voru 23. sept. 1848, var ónýttur með því, að bæði nefnd sú, sem kosin var á fundinum, og eins flestallir fundarmenn, er í ofannefndu ávarpi hafa fallizt á álitsskjal nefndarinnar, hafa látið í ljósi þvílíkt álit um samband Íslands við konúngsríki Vort, sem bersýnilega er gagnstætt stöðu landsins, eins og hún er að rèttu lagi. Það hefur einkum verið farið fram á, að Ísland geti krafizt í öllum þeim málefnum, er snerta það eingaungu, ekki að eins að öðlast rèttindi, sem sèrstakur hluti ríkisins, eins og gjört var ráð fyrir í lagafrumvarpi því, er lagt var fyrir fundinn, heldur einnig, að Ísland standi jafnsíðis konúngsríkinu, og að það eigi rètt á, að fá fulltrúaþíng, er eigi sem mestan þátt, sem orðið getur, í hinu æðsta stjórnarvaldi, og einkum hafi ótakmarkað vald til, að ákveða skatta og útgjöld, að eiga æðsta dóm eitt sèr, og að því sè stjórnað af ráðgjöfum sèr, er allir eigi að vera Íslendingar, og hafa ábyrgð fyrir hinu íslenzka þjóðþíngi; aptur á móti er að eins tekið fram, að Ísland skuli hafa konúng og konúngserfðir saman við Danmörku, en að öðru leyti skuli það vera komið undir samkomulagi, hver önnur málefni eigi að vera sameiginleg með Íslandi og Danmörku eða öðrum hlutum ríkisins. En það er hvorttveggja, að alls eingin heimild er fyrir kröfum þessum, eptir því, sem staða Íslands *er nú,* enda mundu þær á hinn bóginn ekki verða Íslandi nema til óhamíngju, og leiða til sundrúngar hins danska veldis, er Vèr getum aldrei leyft.

Vegna þess, að slíkar rángar hugmyndir um hina rèttu og eðlilegu stöðu Íslands virðast, eptir því sem að framan er sagt, vera komnar inn víða um þetta land Vort, hefur Oss eigi þótt ráðlegt, að svo stöddu að leggja fram og leita álits um lagafrumvarp um stöðu Íslands í fyrirkomulagi ríkisins; þar á móti er það Vor konúnglegur vilji, að hið íslenzka alþíngi, er stofnað var af Vorum hásæla föður, skuli á lögskipaðan hátt halda á fram sýslu sinni, með þeim takmörkum, sem því eru sett

að lögum, þángað til sá tími kemur, að Oss þyki ráð, að ákveða aðrar reglur um stöðu Íslands í fyrirkomulagi ríkisins, sem þó ekki verður fyr, en leitað hefur verið álits alþíngis um það, samkvæmt því, sem heitið er í tilskipun 8. marz 1843, 79. gr. Samkvæmt þessu skulu í ár fram fara nýjar kosníngar til alþíngis þess, sem að lögum á að koma saman næsta ár.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr að hegða.

*Gefið í höll Vorri Kristjánsborg, 12. maí 1852.*
*Undir Vorri konúnglegu hendi og innsigli.*

---

# Opið brèf,

er ákveður nákvæmar greiðslu alþíngiskostnaðarins.

---

**Vèr Friðrik hinn Sjöundi,** af guðs náð **Danmerkur konúngur, Vinda og Gauta, hertogi í Slèsvík, Holsetalandi, Stórmæri, Þèttmerski, Láenborg og Aldinborg,** Gjörum kunnugt: Eptir frumvarpi alþíngis hefur Oss þótt hlýða, að ákveða nákvæmar reglur þær, sem til eru teknar í opnu brèfi, dagsettu 18. dag júlímánaðar 1848, um greiðslu alþíngiskostnaðarins, og skipum Vèr því fyrir á þessa leið:

Eptirleiðis skal greiða alþíngiskostnað af afgjaldi sjálfseignarkirkjujarða, eins og af annari sjálfseign, að prestsmötunni einni undanþeginni.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr að hegða.

*Gefið í höll Vorri Kristjánsborg, 2. dag marzmánaðar 1853.*
*Undir Vorri konúnglegu hendi og innsigli.*

---

# Auglýsíng

um siglingar til Krossvíkur á Akranesi.

---

**K**onúngur hefur í úrskurði sínum 2. dag þessa mánaðar skipað fyrir á þessa leið:

Leyfi það, sem gefið er í auglýsingu dags. 17. dag maím. 1850 til þess, að sigla til Krossvíkur á Akranesi til verzlunar, skal enn vera í gildi í 2 ár, frá 1. degi janúarmánaðar þessa árs, með skilmálum þeim, sem ákveðnir eru í tèðri auglýsingu.

Þetta birtist hèr öllum hlutaðeigendum.

*Í stjórnardeild innanríkismálanna, 4. dag marzmán. 1853.*

---

# Opið brèf,

er ákveður nákvæmar tíundargjald til prests og kirkju á Íslandi.

---

**Vèr Friðrik hinn Sjöundi,** af guðs náð **Danmerkur konúngur, Vinda og Gauta, hertogi í Slèsvík, Holsetalandi, Stórmæri, Þèttmerski, Láenborg og Aldinborg,**

